

Ed.

373. Frumvarp

til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til þess að greiða fyrir innanlandsverzlun með sláturfjárafurðir skipar ríkisstjórnin 5 manna kjötverðlagsnefnd til eins árs. Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefni einn mann, Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga tilnefna í sameiningu einn, Landssamband iðnaðarmanna einn, Alþýðusamband Íslands einn og landbúnaðarráðherra einn mann í nefndina, sem jafnframt er formaður hennar.

Nefndin ræður fulltrúa, sem annast dagleg störf. Hún getur valið sér trúnaðarmenn eða skipað eftirlitsnefndir, eftir því sem þörf krefur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr rikissjóði.

2. gr.

Kjötverðlagsnefndin ákveður verðlag á kjöti á innlendum markaði í heildsölu og smásölu.

Enginn má selja eða kaupa kjöt við öðru verði en því, sem nefndin ákveður á hverjum stað á hverjum tíma.

3. gr.

Enginn má slátra sauðfé til sölu, né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis kjötverðlagsnefndar. Heimilt skal þó sauðfjár-

eigendum, er reykt kjöt á heimilum sínum, að selja það beint til neytenda, enda greiði þeir af því verðjöfnunargjald um leið og afhending fer fram. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem nú eru starfandi, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annara félaga. Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðal meðlima sinna. Ennfremur getur nefndin veitt leyfi samvinnufélögum bænda, er stofnuð kunna að verða eftir að lög þessi öðlast gildi á svæði, þar sem ekki eru starfandi samvinnufélög fyrir, og ekki falla undir ákvæði 3. másl. þessarar greinar, sömuleiðis þeim verzlunum öðrum, sem árið 1933 áttu eða starfræktu sláturhús, sem fullnægðu ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933. Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárens til sláturhúss, að illfært sé að dómi nefndarinnar.

Í leyfi getur nefndin ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands.

4. gr.

Greiða skal verðjöfnunartillag af öllu slátruðu sauðfé, nema því, sem framleiðendur nota til heimilisþarfa. Upphæð tillagsins má nema allt að 10 aurum á hvert kg. af kjöti, eftir nánari ákvörðun kjötverðlagsnefndar. Heimilt er nefndinni að ákveða mismunandi verðjöfnunartillag eftir kjöttegundum.

Ennfremur er nefndinni heimilt að veita undanþágu frá verðjöfnunargjaldi af kjöti af mylkum ám.

Verðjöfnunartillagið hefir lögtaksrétt til loka næsta árs eftir að slátrun fór fram.

5. gr.

Þeir, sem slátra fé til sölu, skulu gefa kjötverðlagsnefnd skýrslu um daglega slátrun, staðfestar af kjötmatsmönnum, og standa skil á verðjöfnunartillaginu til nefndarinnar. Stjórn neytendafélags, sem fengið hefir slátrunarleyfi, skal og senda slíka skýrslu og standa skil á verðjöfnunartillaginu. Gjaldtagi er þegar slátrun fer fram.

Nefndin geymir verðjöfnunarsjóð á tryggum stað, þann tíma sem hún hefir hann undir höndum.

6. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal varið þannig:

- a. Til endurgreiðslu verðjöfnunartillagsins af því kjöti, sem út er flutt.
- b. Til að greiða fyrir sölu sláturfjárarafurða innanlands.
- c. Til verðuppbótar á útflutt dilkakjöt. Verðuppbótin má þó ekki verða svo há, að nettóverð útflutta kjötsins verði hennar vegna fyllilega eins hátt og nettóverð sömu tegunda af kjöti, sem selt er á verðhæsta innlendum markaði. Það verð, sem Samband ísl. samvinnufélaga greiðir deildum sínum fyrir útflutt kjöt af framleiðslu hvers árs, telst útflutningsverð á því ári.

Verði afgangur í verðjöfnunarsjóði, þegar greitt hefir verið samkvæmt framansögðu, skal honum varið til uppþótar á öllu seldu kjöti, þannig, að sá verðmismunur, sem nefndin hefir ákveðið, raskist ekki.

7. gr.

Greiða skal jafnháa verðuppþót samkvæmt ákvæðum 6. gr. á hvert kg. sömu tegundar af útfluttu dilkakjöti, hvaðan sem það er af landinu.

8. gr.

Skylt er öllum, sem verzla með sláturfjárafurðir, að láta kjötverðlagsnefnd í té allar upplýsingar og skýrslur, er hún óskar eftir, viðvíkjandi sölu og söluhorfum á sláturfjárafurðum, bæði innanlands og utan.

9. gr.

Landinu skal skipta í verðlagssvæði eftir aðstöðu til markaðs og flutninga. Nefndin skal ákveða verðlag á hverju verðlagssvæði fyrir sig.

10. gr.

Kjötverðlagsnefnd gerir þær ráðstafanir, er hún telur þurfa til þess, að innlendi markaðurinn notist sem bezt. Hún hefir eftirlit með því, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og í allri meðferð sláturfjárafurða og verzlun með þær. Í því skyni getur nefndin takmarkað fjölda útsölustaða, þar sem henni virðist þurfa, svo og takmarkað flutninga milli verðlagssvæða, ef hún telur hættu á, að markaður verði á einhverjum stað ofhlaðinn.

11. gr.

Kjötverðlagsnefnd er heimilt, ef hún telur þess þörf, að láta ákvæði þessara laga um sölu og verðjöfnunartillag gilda um nautakjöt og fleiri sláturfjárafurðir.

12. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Í reglugerð má ákveða sektir við brotum gegn henni.

13. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum, allt að 10000 krónum. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

14. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.